

AGAREGLUGERÐ SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. grein. Gildissvið

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. grein laga Skáksambands Íslands (SÍ) og gildir um aga- og úrskurðarmál innan vébanda SÍ.

2. grein. Markmið

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að skýrar og afmarkaðar reglur gildi um aga- og úrskurðarmál SÍ og jafnframt að unnt sé að beita viðeigandi viðurlögum vegna ámælisverðrar háttsemi sem á sér stað í tengslum við skákviðburði eða í trúnaðarstörfum á vegum SÍ.

3. grein. Lögsaga og hlutverk

Dómstóll SÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda SÍ og varða lög og reglur þess, eftir því sem við á. Dómstóllinn getur beitt einstaklinga og aðildarfélög viðurlögum vegna háttsemi sem tengist öllum mótum eða öðrum skákviðburðum á vegum SÍ og aðildarfélaga, sem og alþjóðlegum mótum þar sem einstakir skákmenn og/eða aðildarfélög taka þátt fyrir Íslands hönd. Dómstóllinn skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum SÍ, sem og lögum og reglum Alþjóða skáksambandsins (FIDE) að því leyti sem þær gilda hér á landi. Skulu öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda SÍ rekin fyrir dómstól SÍ nema þau séu sérstaklega undanskilin lögsögu dómstólsins eða falin öðrum samkvæmt gildandi reglum hverju sinni. Stjórn SÍ, einstök aðildarfélög og mótshaldarar SÍ geta þó gripið til viðeigandi ráðstafana vegna agabrota en ef slíkar ráðstafanir beinast gegn tilteknum aðilum geta þeir ávallt borið þær undir dómstól SÍ.

Dómstóll SÍ getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum SÍ, reglugerð þessarri og öðrum reglugerðum SÍ og eftir atvikum reglum Alþjóða skáksambandsins gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum aðildarfélaga, skákmönnum, skákdómurum, þjálfurum, starfsmönnum, liðstjórum, áhorfendum og öðrum innan skákhreyfingarinnar, sem eru innan vébanda aðildarfélaga SÍ, vegna brota þeirra á framangreindum lögum og reglum. Þar sem ákvæðum þessarar reglugerðar sleppir geta gildandi siða- og agareglur Alþjóða skáksambandsins á hverjum tíma komið til fyllingar og skýringar við mat á því hvort háttsemi skuli varða viðurlögum, sbr. nú *Ethics & Disciplinary Code*, dags. 28. desember 2021.

4. grein. Viðurlög

Brot á lögum og reglum SÍ getur varðað áminningu, keppnisbanni eða banni við annarri aðkomu að skákviðburðum sem haldnir eru á vegum SÍ eða aðildarfélaga þess, sem gildir ýmist á einstökum mótum eða í tiltekinn tíma.

II. kafli. AGAREGLUR

5. grein. Ósæmileg framkoma

Hver sá sem sýnir af sér framkomu sem andstæð er almennu velsæmi eða óíþróttamannslega hegðun í tengslum við skákviðburð skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein.

6. grein. Mót erlendis

Fulltrúum eða styrkþegum SÍ sem sendir eru á mót fyrir Íslands hönd er óheimilt að neyta áfengis í ferðunum, þar til keppni á viðkomandi móti er lokið, og neysla annarra vímuefna er með öllu óheimil. Sömu reglur gilda um aðildarfélög sem taka þátt á skákmótum sem fulltrúar SÍ. Liðsstjórar og stjórn SÍ geta þó veitt undanþágur frá áfengisbanni ef sérstakar ástæður þykja til. Þá geta liðsstjórar og stjórn SÍ hverju sinni sett frekari reglur um hegðun í ferðum af þessu tagi, þar á meðal um hegðun utan skákstaðar, og er fulltrúum og styrkþegum þá skylt að fylgja þeim svo fremi að þær gangi ekki lengra en eðlilegt getur talist. Brot gegn þessu ákvæði geta varðað viðurlögum skv. 4. grein.

7. grein. Óeðlileg afskipti af úrslitum skáka

Hver sá sem tengist, beint eða óbeint, ráðagerð um óeðlileg afskipti af úrslitum skáka eða skákmóta með þeim hætti að ekki samræmist íþróttamannslegum leikreglum skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein. Hér er m.a. átt við það ef úrslitum skáka er hagrætt í tengslum við veðmál eða af öðrum ástæðum.

8. grein. Svindl

Hver sá sem gerist sekur um svindl eða aðstoðar skákmann við að svindla á skákmóti skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein.

9. grein. Mismunun, áreitni o.fl.

Hver sá sem á skákviðburði eða í tengslum við hann eða í störfum fyrir SÍ misbýður með meiðandi hætti öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir,

þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, eða stöðu að öðru leyti skal sæta viðurlögum samkvæmt 4. grein.

Hver sá sem á skákviðburði eða í tengslum við hann eða í störfum fyrir SÍ beitir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, ofbeldi eða einelti skal sæta viðurlögum skv. 4. gr. Við mat á því hvaða háttsemi fellur hér undir er rétt að hafa hliðsjón af gildandi landslögum og reglum þar að lútandi

Ef fyrir liggur að aðili hafi beitt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi er mótshaldara heimilt að meina honum þátttöku á skákviðburði sem brotápoli sækir. Heimild þessi gildir óháð því hvort viðkomandi aðili hefur sætt viðurlögum skv. 4. gr. og einnig burtséð frá því hvort umrædd háttsemi átti sér stað í tengslum við skákviðburð eða ekki.

10. grein. Sérákvæði um skákmenn og áhorfendur

Svo unnt sé að beita skákmenn, þjálfara og liðsstjóra einstakra aðildarféлага, áhorfendur og aðra einstaklinga innan skákhreyfingarinnar, sem þó starfa ekki á vegum SÍ, viðurlögum skv. 4. gr. þarf hin ámælisverða háttsemi að vera viðhöfð í beinum tengslum við skákviðburði. Til skákviðburða teljast m.a. skákmót, verðlaunaafhendingar, aðalfundur SÍ og aðrir fundir og viðburðir á vegum SÍ.

Í vissum tilvikum er unnt að beita skákmenn, liðstjóra og þjálfara einstakra aðildarféлага eða aðra aðila innan skákhreyfingarinnar viðurlögum vegna háttsemi sem á sér stað utan skákstaðar, t.a.m. í ummælum á samfélagsmiðlum, ef aðilinn tengist umræddum skákviðburði með beinum hætti, t.a.m. sem keppandi eða liðstjóri/þjálfari á skákmóti eða skipuleggjandi skákviðburðarins og umrædd háttsemi stendur einnig í nægum tengslum við skákviðburðinn að mati dómstólsins.

III. kafli. LOKAÁKVÆÐI

11. grein. Gildistaka

Laganefnd SÍ samdi reglugerð þessa. Hún er sett af stjórn SÍ 17. maí 2022 með stoð í 15. gr. laga SÍ og öðlast þegar gildi.

Á stjórnarfundum SÍ 2. júní 2022 var 6. gr. og 3. mgr. 9. gr. breytt.

